

Sp. 145. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um staðfestingu Flórens-sáttmála.

Flm.: Gunnar G. Schram, Björn Dagbjartsson, Guðrún Agnarsdóttir,
Guðmundur Bjarnason, Hjörleifur Guttormsson, Jón Baldvin Hannibalsson,
Pálmi Jónsson, Valdimar Indriðason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að staðfesta aðild Íslands að alþjóðasáttmála um niðurfellingu aðflutningsgjalda af varningi til mennta-, vísinda- og menningarmála, svo nefndan Flórens-sáttmála UNESCO, en án viðaukabókunar sáttmálans. Jafnframt þessu verði gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um tollskrá.

Greinargerð.

Inngangur.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrædd og er því endurflutt. Flutningsmenn hennar voru þáverandi fulltrúar í Rannsóknarráði ríkisins, kosnir af Alþingi, þeir Friðrik Sophusson, Stefán Jónsson, Stefán Valgeirsson, Karl Steinar Guðnason, Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson og Guðmundur G. Þórarinsson.

Árið 1950 var á aðalfundi UNESCO (General Conference), sem haldinn var í Flórens á Ítalíu, samþykktur sáttmáli um niðurfellingu gjalda af efni til mennta-, vísinda- og menningarmála og ákveðið að leggja samninginn fyrir aðildarríkin til staðfestingar. Samningur þessi miðar að því að efla mennta-, vísinda- og menningarmálastarfsemi landanna og greiða fyrir streymi hvers kyns efnis, tækjabúnaðar og tækja milli aðildarríkja í þeim tilgangi að stuðla að menningarlegum og efnahagslegum framförum í aðildarríkjunum.

Sáttmáli þessi, sem nefndur hefur verið Flórens-sáttmáli, kveður á um niðurfellingu aðflutningsgjalda af eftirfarandi efni og búnaði, sem skilgreint er nánar í viðaukum sammingsins (Annexes A-E).

- Annex A Bækur, tímarit og skýrslur (hvers kyns sérútgáfur).
- Annex B Listaverk, safngripir með menntunarlegt, vísindalegt eða menningarlegt gildi.
- Annex C Sýningarefni og hvers kyns hljóðritað efni með menntunarlegt, vísindalegt og menningarlegt gildi.
- Annex D Vísindatæki og búnaður.
- Annex E Vörur til afnota fyrir blinda.

Á aðalfundi UNESCO í Nairobi í nóvember 1976 var svo samþykkt **viðaukabókun** við Flórens-sáttmálann, þar sem gildi hans var víkkað út allverulega og bætt við eftirfarandi flokkum:

- Annex C1 Hvers kyns lesmál og sýningarefni, svo og hljóðritað efni.
- Annex F Íþróttatæki.
- Annex G Hljóðfæri og annar búnaður til tónlistariðkana.
- Annex H Efni og vélar til bókgæðar og útgáfu blaða, tímarita og skýrslna.

Fram að þessu hafa rúmlega 70 ríki (sjá meðf. lista) staðfest sáttmála þennan og gerst aðilar að honum. Öll hafa þau staðfest Flórens-sáttmálann frá 1950, en hins vegar hefur aðeins hluti ríkjanna staðfest **viðaukabókunina**, sem m. a. innifelur margvíslegar vörur til afþreyingar og tómstundiðkana og eru víða tollaðar bæði af tekjuástandum og verndar-ástandum í einstökum ríkjum.

Afstaða Íslands.

Ísland er eitt af fáum ríkjum í flokki svokallaðra þróaðra ríkja, sem ekki hefur gerst aðili að sáttmála þessum. Ísland hefur þó í reynd framfylgt öllum ákvæðum Flórens-sáttmálans frá 1950 að undanteknu ákvæðinu um aðflutningsgjöld af vísindatækjum (Annex D). Menntamálaráðuneytið mun ítrekað hafa óskað eftir því við fjármálaráðuneytið, að gerðar yrðu þær breytingar á tollskrá sem gerðu kleift að uppfylla ákvæði samningsins og staðfesta hann, en fjármálaráðuneytið hefur hingað til færst undan því.

Ekki er með góðu móti hægt að sjá hvaða rök mæla á móti því, að Ísland gerist fullgildur aðili að þessum sáttmála. Því miður mun hafa verið borið við, að erfitt væri að gera greinarmun á tækjum og búnaði til rannsókna og hliðstæðum tækjum til annarra nota og því veruleg hætta á misnotkun. Á það var bent að gera mætti tæmandi lista yfir þær stofnanir, sem vísindarannsóknir stunda, og tollflokka, sem sáttmálinn nærði til, og koma þannig í veg fyrir misnotkun. Var þá talið að eitt yrði yfir alla að ganga og fyrirtæki og einkaaðilar ættu að njóta þessarar undanþágu frá aðflutningsgjöldum ekki síður en opinberar stofnanir. Á þessum forsendum hefur fjármálaráðuneytið ekki viljað fallast á að Ísland staðfesti samninginn.

Nú hefur fjármálaráðuneytið hins vegar auglýst að ýmis tæki til rannsókna, gæðaeftirlits og vöruþróunar, sem að öðru jöfnu falla undir Annex D í Flórens-sáttmála og flutt eru inn af fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisgreinum, fái niður felld aðflutningsgjöld eins og um tæki og framleiðslubúnað væri að ræða í samræmi við 12. tl. 3. gr. í tollskrárlögum. Þar sem flest stærri innlend fyrirtæki í framleiðslugreinum falla nú orðið undir þessa skilgreiningu eru það nánast eingöngu opinberar stofnanir sem ekki njóta þessara skilyrða, og er þar með brostin sú röksemd, að ekki skuli mismunað í þessu efni. Jafnframt virðist nú talið gerlegt að taka afstöðu til þess, hvaða tæki eru flutt inn til rannsókna.

Ákvæði sáttmálans um vísindatæki og búnað (Annex D) er eftirfarandi:

Annex D Vísindatæki og búnaður.
Vísindaleg tæki og búnaður ætluð eingöngu til kennslu eða hreinna vísindastarfa, að því tilskildu:

- a) að þau séu ætluð vísinda- eða menntastofnun í opinberri eign eða einkaeign, sem fengið hefur heimild þar til bærra yfirvalda í innflutningslandinu til að flytja inn slíkt tæki og

búnað án aðflutningsgjalda, og eiga að notast án viðskiptalegs tilgangs undir eftirliti og ábyrgð þessara stofnana;

b) að tæki og búnaður með sama vísindalegt gildi séu ekki framleidd í innflutningslandinu.

Í viðaukabókun við samninginn frá 1976 er skilgreiningin einnig látin ná til varahluta, aukabúnaðar og verkfæra til viðhalds og stillingar á vísindatækjum og jafnframt afnumin sú takmörkun, að tækin skuli eingöngu ætluð til kennslu eða vísindastarfa. Þá eru í viðaukanum vörur sem nú eru allmikið tollaðar og eru söluvara á almennum markaði, eins og íþróttatæki og hljóðfæri. Í tillögu þessari er ekki gert ráð fyrir að Ísland staðfesti viðaukabókunina að svo stöddu.

Mikilvægir hagsmunir fyrir rannsóknir.

Augljóst er að hér er um mjög mikið hagsmunamál fyrir rannsóknastarfseminu í landinu að ræða. Í töflu 1 er skrá yfir þá tollaflokka sem ná yfir tæki og búnað sem ætla má að nær eingöngu séu notuð til vísindaiðkana, rannsókna og skyldrar starfsemi. Í töflunni sést hve mikið var flutt inn af tækjum árið 1981 í hverjum þessara tollflokka og hvaða aðflutningsgjöld mætti reikna ofan á CIF-verðmæti þessa búnaðar. Kemur í ljós að af innflutningi, sem að CIF-verðmæti var 57 030 þús. kr., mátti reikna toll, sem nam 8 087 þús. kr., og vörugjald að upphæð 18 053 þús. kr. Heildarupphæð aðflutningsgjalda án jöfnunargjalds nam því 26 140 þús. kr., eða 46% ofan á CIF-verðmætið. Í mörgum tilvikum er þó þetta hlutfall miklu hærra.

Í töflu 2 er listi yfir tollflokka sem jöfnum höndum ná yfir tæki sem notuð eru til vísindastarfsemi og annarra hluta. Fer þá eftir innflytjandanum (kaupandanum) hvort fella bæri niður aðflutningsgjöld eftir Flórens-sáttmálanum. Í töflunni eru tölur um innflutninginn 1981 svo og reiknaðan toll og vörugjöld af honum. Heildarupphæð aðflutningsgjalda er 30% ofan á CIF-verðmæti. Ekki er þó hægt að segja um hve mikill hluti þessara tækja hefur í reynd farið til vísindaiðkana.

Af ofangreindum tölum er ljóst að aðflutningsgjöld af vísindatækjum eru umtalsverð fjárhagsleg byrði fyrir íslenska rannsóknastarfsemi og veruleg hindrun á framförum á því sviði. Íslenskar rannsóknastofnanir fjármagna tækjakaup sín annars vegar af fjárveitingum til tækjakaupa og hins vegar af eigin aflafé sem þær fá fyrir greidda þjónustu og rannsóknaverkefni sem greidd eru af utanaðkomandi aðilum, þ. á m. atvinnufyrirtækjum. Í báðum tilfellum verður að telja álagningu aðflutningsgjalda óskynsamlega ráðstöfun, ekki síst eftir að slík aðflutningsgjöld hafa verið felld niður af flestum atvinnufyrirtækjum í landinu. Fjárveitingar á fjárlögum til tækjakaupa eru venjulega af skornum skammti og eru því miður oft látnar mæta afgangi við afgreiðslu fjárlaga. Mörg dæmi eru til þess, að þegar umsóknir um fjárveitingar til tækjakaupa hafa verið skornar niður nægi fjárveiting ekki nema til greiðslu aðflutningsgjaldanna af hinum fyrirhuguðu tækjakaupum. Þá þykir sárt að sjá verulegan hluta naumra fjárveitinga renna aftur til ríkissjóðs. Þegar um ráðstöfun á eigin tekjum stofnana til tækjakaupa er að ræða sýnist jafnórökrétt að ríkissjóður skuli taka hluta af þeim tekjum í opinber gjöld, ekki síst þegar nú liggur fyrir sú stefnumótun að hvetja þær stofnanir, sem tök hafa á, að leita eigin tekna utan fjárlaga, m. a. frá atvinnuvegunum.

Svo sem fram hefur komið leggja Íslendingar minna fé til rannsókna en flestar aðrar þjóðir á sama þróunarstigi. Er það síst til að bæta ástandið, ef fjármagn til tækjakaupa er skert um allt að helming með aðflutningsgjöldum.

Þann 8. mars 1983 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um stefnu í rannsóknum og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Er þar fjallað um eflingu rannsókna á öllum sviðum til hagsbóta fyrir atvinnuvegina og þjóðfélagið og bætt skilyrði fyrir rannsóknarstarfsemi, bæði á vegum atvinnufyrirtækja, einkaaðila og opinberra stofnana. Það er skoðun

flutningsmanna þessarar tillögu að niðurfelling aðflutningsgjalda af tækjum og búnaði til vísindarannsóknna sé afar mikilvægt skref í þessu efni.

Samhliða þessari þingsályktunartillögu mun flutt í Nd. frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., en því frumvarpi er ætlað að breyta lögnum til samræmis við fyrirhugaða aðild að Flórens-sáttmálanum.

Skrá um ríki sem staðfest hafa sáttmála um afnám aðflutningsgjalda af vörum til mennta-, vísinda- og menningarmála.

(Flórens-sáttmáli frá 1950.)

Afganistan	Ítalía	Pakistan
Austurríki	Japan	Pólland
Bandaríkin	Jórdanía	Rúanda
Barbados-eyjar	Júgóslavía	Rúmenía
Belgía	Kamerún	Singapor
Bólívía	Kampútsea	Sierra León
Danmörk	Kenýa	Sólómonseyjar
Efri-Volta	Kongó	Spánn
Egyptaland	Kúba	Sri Lanka
El Salvador	Kýpur	Stóra-Bretland
Filippseyjar	Laos alþýðulýðveldið	Sviss
Fílabeinsströndin	Líbía	Svíþjóð
Fíji-eyjar	Luxemborg	Sýrland
Finnland	Madagaskar	Taíland
Frakkland	Malaví	Tanzanía
Gabon	Malaysía	Trinidad og Tóbago
Ghana	Malta	Túnis
Grikkland	Marokkó	Ungverjaland
Guatemala	Máritanía	Úganda
Haíti	Mónakó	Vatíkanið
Holland	Níger	Vestur-Pýskaland
Írak	Nígería	Víetnam
Íran	Níkaragúa	Zaíre
Írland	Noregur	Zambía
Ísrael	Nýja-Sjáland.	

Tafla 1: Tæki sem nær eingöngu eru notuð til rannsóknna — innflutningur 1981.

Tollsk.nr.	Flórens- sáttm.	Vörulýsing	Tollur %	Innflutt 1981 CIF þús. kr.	Tollur þús. kr.	Vörugj. %	Vörugj. þús. kr.	Samtals opinber gjöld (án jöfnunar- gjalds o. fl.)
90.06.00	Fl.	Sjórnufræðileg tæki og áhöld	35	23	8.05	32	9.94	17.99
90.07.11		Ljósmyndavélar, eingöngu not- hæfar til læknisfræðil. ranns.	15	22	3.3	—	—	3.3
• 90.07.12		Ljósmyndavélar, ót. a., 3 kg og þyngri	0	1 137	—	—	—	—
90.07.13		Ljósmyndavélar fyrir 60 mm film- ur og stærri	20	1 080	216.0	—	—	216.0
90.07.21		Leifurtljósatæki fyrir 300 ^w watt- sekúndur og fleiri	15	45	6.75	—	—	6.75
90.07.29		Önnur	35	949	332.15	40	512.46	844.61
90.07.31		Hlutur og fylgtæki til mynda- véla og tækja í nr. 90.07.11, 90.07.13, 90.07.21	15	72	10.80	—	—	10.80
• 90.07.32		Til myndavéla í nr. 90.07.12	0	44	—	—	—	—
90.11.00	Fl.	Rafeinda- og prótonsmásjár, raf- einda- og prótondiffraktógrafar	35	47	16.45	32	20.30	36.75
90.12.00	Fl.	Optískar smásjár	35	837	292.95	32	361.58	654.53
90.14.20	Fl.	Annað í nr. 90.14 (tæki til landmæl., veðurfr. o. þ. h.)	35	1 118	391.30	32	482.98	874.28
90.15.00	Fl.	Vogir með nákvæmni fyrir 5 og eða minna, einnig með lóðum er þeim heyrta til	7	301	21.07	—	—	21.07
90.16.10	Fl.	Tæki til teiknunar, afmörkunar og útreiknings (áhöld, tæki og vélar)	7	3 602	252.14	32	1 233.32	1 485.46
90.16.20	Fl.	— Hlutur og fylgtæki	7	237	16.59	32	81.15	97.74
90.20.00	Fl.	Röntgentæki o. þ. h. með tilheyrandi búnaði	15	6 558	983.70	32	2 413.34	3 397.04
90.22.00	Fl.	Tæki til mekanískrar prófunar á hörku, styrkleika o. þ. h.	7	610	42.70	—	—	42.70
90.23.02	Fl.	Aðrir hitamælur	35	1 882	658.70	32	813.02	1 471.72
90.23.03	Fl.	Lofþyngdarmælur	35	142	49.70	32	61.34	111.04
90.23.04	Fl.	Háhitamælur, flötvogir og raka- mælur	7	270	18.90	—	—	18.90

Tollsk.nr.	Flórens- sáttm.	Vörulýsing	Tollur		Innflutt 1981		Tollur pús. kr.	Vörugi. %	Vörugi. pús. kr.	Samtals opinber gjöld (án jöfnunar- gjalds o. fl.)
			%	pús. kr.	CIF	pús. kr.				
90.23.09	Fl.	Annað	35	181	63.35	78.19	141.54	32	78.19	141.54
• 90.24.01	Fl.	Hitastillar (termóstatar)	35	3 275	1 146.25	1 414.8	2 561.05	32	1 414.8	2 561.05
• 90.24.09	Fl.	Annað	7	2 914	203.98	997.7	1 201.68	32	997.7	1 201.68
• 90.25.00	Fl.	Tæki og áhöld til fysiskrar og kem- ískrar greiningar o. p. h.	7	1 911	133.77	654.3	780.07	32	654.3	780.07
90.26.01	Fl.	Notkunarmælar fyrir rafmagn	35	1 820	637.00	786.2	1 423.2	32	786.2	1 423.2
90.26.02	Fl.	Mælar til prófunar á tækjum er falla í nr. 90.26	7	1	0.07	0.3	0.37	32	0.3	0.37
• 90.26.09	Fl.	Aðrir	35	1 636	572.60	706.7	1 279.30	32	706.7	1 279.30
• 90.27.01	Fl.	Snúnings- og framleiðsluteljarar, snúningshraðmælar, segulmagns- mælar, snúðsjár	7	600	42.00	—	42.0	—	—	42.0
90.27.09	Fl.	Annað	25	187	46.75	14.96	61.71	32	14.96	61.71
• 90.28.10	Fl.	Rafeindatæki til sjálfvirkra stillinga .	7	1 946	136.22	666.3	802.52	32	666.3	802.52
90.28.20	Fl.	Rafeindatæki og áhöld til að mæla eða greina jónageislun	7	330	23.10	112.99	136.09	32	112.99	136.09
• 90.28.39	Fl.	Önnur	7	9 211	644.77	3 153.85	3 798.62	32	3 153.85	3 798.62
• 90.28.40	Fl.	Sjálfvirk stillitæki, þó ekki raf- eindatæki	7	567	39.69	194.14	233.83	32	194.14	233.83
• 90.28.50	Fl.	Önnur tæki og áhöld, þó ekki raf- eindatæki og áhöld	7	2 392	167.44	819.02	986.46	32	819.02	986.46
90.29.01	Fl.	Til tækja og áhald sem teljast til nr. 90.28.31	4	3 964	158.56	—	158.56	—	—	158.56
• 90.29.09	Fl.	Annað	7	6 011	420.77	2 058.17	2 478.94	32	2 058.17	2 478.94
70.17.01		Glervara	0	167	—	—	—	—	—	—
70.17.09		Annað	35	941	329.35	406.51	735.86	32	406.51	735.86
				57 030	8 086.92	18 053.84	26 140.48			

* Tollundanþága fyrir samkeppniðnað skv. 3. gr., 12. tl. tollskrárlaga.

Tafla 2: Tæki sem ýmist eru notuð til rannsóknna eða annarra nota.

Tollskr.nr.	Vörulýsing	Tollur %	Innflutt 1981 CIF þús. kr.	Tollur þús. kr.	Vörugi. %	Vörugi. þús. kr.	Samtals opinber gjöld (án jöfnunar- gjalds o. fl.
• 40.14.05	Vörur úr toggúmmí til tækinnota	0	2 663	—	—	—	—
70.03.00	Gler í kúlum, stönglum og pipum	0	91	—	—	—	—
82.09.02	Hnifablöð úr ódýrum málmum	0	140	—	32	44.8	44.8
82.09.09	Aðrir hnifar úr ódýrum málmum	80	1 436	1 148.80	—	—	1 148.8
83.07.03	Lampar, sérstaklega gerðir til notkunar við uppskurði	35	101	35.35	—	—	35.35
83.14.00	Merki (fiska- og fuglamerki)	17	380	64.60	—	—	64.60
• 84.11.12	Lottþjoppur	0	4 349	—	—	—	—
84.35.53	Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar o. þ. h.	7	23 897	1 672.79	—	—	1 672.79
• 84.57.00	Vélar til vinnslu á gleri o. fl.	0	2	—	—	—	—
• 85.11.10	Rafbræðslu- og hitunarofnar og tæki til hitunar efna o. þ. h.	0	6 651	—	—	—	—
• 85.11.20	Rafmagns- eða lasergeisla-súðu-, lóðningar- og skurðar-vélar og -tæki og hlutar til þeirra	0	6 839	—	—	—	—
85.15.25	Svarthvít sjónvarpstæki, einnig með innbyggðum hljóðupptöku- eða hljómfletningstækjum	75	331	248.25	32	185.36	433.61
85.15.40	Önnur útvarpstæki	75	7 275	5 456.25	32	4 074.00	9 530.25
85.15.60	Sjónvarpsmyndavélar	35	1 422	497.70	—	—	497.70
85.15.79	Önnur	35	60	21.00	—	—	21.00
85.20.20	Úrhljóðlulampar, þó ekki þeir sem senda útfjölubláa geisla	40	3 653	1 461.20	32	1 636.54	3 097.74
• 85.20.40	Lampar, sem senda innrauða eða útfjölu-bláa geisla, og bogalampar	40	131	52.4	32	58.69	111.09
• 85.20.50	Hlutar	40	3	1.2	32	1.34	2.54
85.21.10	Sjárör	35	174	60.90	32	75.17	136.07
85.21.20	Aðrir raufendalampar og -lokar	35	1 095	383.25	32	473.04	856.29
• 85.21.31	Ljósheimlar	0	211	—	—	—	—

Tollskr.nr.	Vörulýsing	Innflutt 1981		Vörugj.		Vörugj.		Samtals opinber gjöld (án jöfnumar- gjalds o. fl.
		Tollur %	CIF þús. kr.	Tollur þús. kr.	%	þús. kr.	þús. kr.	
•85.21.32	Samsettir transistorar og díóður	0	1 492	—	—	—	—	—
•85.21.39	Annað	35	447	156.45	32	193.10	349.55	—
•85.21.40	Rafeindavergrásir	0	1 645	—	—	—	—	—
•85.21.50	Uppsettir þrýstirafmagnskristallar	0	323	—	—	—	—	—
85.21.60	Hlutar	35	44	15.40	32	19.01	34.41	—
85.22.10	Flýtar fyrir rafeindir og hlutar til þeirra	0	8	—	—	—	—	—
85.22.20	Annað	35	1 669	584.15	32	721.01	1 305.16	—
90.01.09	Annað	35	177	61.95	32	76.46	138.41	—
90.02.09	Annað	50	1 254	627.00	—	—	627.00	—
90.05.00	Sjónaukar með eða án prisma fyrir annað augað eða bæði	35	795	278.25	32	343.44	621.69	—
			68 758	12 826.89		7 901.97	20 728.86	

* Tollundanþága fyrir samkeppniðnað
skv. 3. gr. 12. tl. tollskrárlaga